

**Nd.**

**59. Tillaga**

til þingsályktunar um hlutafjelagalög og endurskoðun á 26. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Flutningsmaður: Sveinn Björnson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um hlutafjelög og jafnframt að taka til endurskoðunar 26. kafla hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og leggja fyrir sama Alþingi frumvarp til laga um breytingar á ákvæðum í þessum kafla hegningarlaganna sem telja má nauðsynlegar, með sjerstöku tilliti til hlutafjelaga.